

Fræðsluþættir frá Geðhjálp:

Þvingunarinnlögn

Þegar mikið veikir sjúklingur er lagður inn gegn vilja sínum, er allt önnur aðferð notuð, heldur en að hringja á lækni og síðan á sjúkrabil og venjulega klæddir menn koma síðan og bera þann sjúka út í sjúkrakörfu og beint á sjúkrahús. Og þá er heldur engin millilending í fangaklefa.

Þegar geðsjúkur maður er að veikjast, er hann oft ekki þess meðvitandi sjálfur, að hann þarf á lækni meðferð að halda og þá er innlögn á sjúkrahús algerlega í höndum aðstandanda, ef þeir eru fyrir hendi.

Ætla ég nú að lýsa einni svona innlögn af minni eigin reynslu, því öðru hef ég ekki að segja frá.

Nú er ættingi minn að byrja að veikjast og ég veit að hverju stefnir, nefnilega innlögn, með öllum þeim sársauka sem því fylgir. Alltaf byrja ég á því að tala við sjúklinginn og reyni að benda honum á, að hann sé að verða veikir og best væri fyrir hann að leita nú lækni. En það er alltaf sama svarið, „það er ekkert að mér, það væri nær að þú færir og létir athuga þig“. Jæja,

ekki dugði þetta ráð frekar en fyrri daginn.

Nú fara erfiðir tímar í hönd, það er sá tími sem biða verður, þar til sjúklingurinn er orðinn það slæmur, að hann teljist sér eða öðrum hættulegur. Þá er hægt að hringja í lögregluna til að sjarlægja sjúklinginn, en helst þarf maður þá að vera búinn að fá lækni heim til að sjá sjúklinginn og gefa út vottorð um að maðurinn sé veikir og hættulegur sér og öðrum. Oft getur það reynst mjög erfitt að fá lækni heim til að sinna þessum sjúklingum og veit ég mörg dæmi þess, að þeir skrifa út vottorðið án þess að sjá sjúklinginn. Eins getur sjúklingurinn verið rokinn út, þegar læknirinn kemur.

Næsta skref er að hringja í lögregluna. Síðan rennir lögreglubill upp að húsinu og 2–3 lögreglumenn birtast í fullum skróða. Þegar svona er komið reynir maður að smala börnunum saman inn í herbergi, svo þau verði ekki vitni að öllum ósköpunum.

En látum nú þetta vera. Það sorglegasta við þessa innlögn er það

sem næst skedur. Undanfarna daga hefur aðstandandi reynt að fá pláss á sjúkrahúsi, til að hægt sé að fletja viðkomandi beint í meðferð á sjúkrahús, en sökum vöntunar á neyðarþjónustu og plássleysis á sjúkrahúsum, verður lögreglan að fara með sjúklinginn í fangaklefa og eina meðferðin sem þeir hafa upp á að bjóða erfiðum sjúklingi eru hand- og fótjárn, þar til pláss fæst. Svo þið getið sjálfsagt gert ykkur í hugarlund hvernig aðstandanda liður, svo ekki sé nú minnst á þann veika, hvernig honum liður eftir kannski tveggja daga vist í fangaklefa áður en sjúkrapláss fæst.

Nú ekki er öll sagan sögð. Margir sjúklingar nýta sér þann rétt, að ekki má halda þeim nauðugum lengur en 48 tíma inn á stofnun og geta þeir því gengið út frjálssir ferða sinna. En þar sem þessi stutti tími nægir ekki til bata hefur aðstandandi um tvo slæma kosti að velja. Annars vegar að endurtaka svona innlögn innan fárra daga eða nota það vald sem hann hefur og svipta viðkomandi sjúkling sjálfræði, þó að maður kalli yfir sig um leið reiði og ásökun sjúklingsins.